

L Ö G**um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 3. málsg. 35. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 4. málsg. 50. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G**um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal deild við Fiskveiðasjóð Íslands, er nefnist Stofnfjár sjóður fiskiskipa.

2. gr.

Meginhlutverk Stofnfjár sjóðs er að veita eigendum fiskiskipa aðstoð við að standa straum af stofnfjáarkostnaði fiskiskipa sinna, og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánunum þeim, sem veitt hafa verið af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag úr ríkissjóði á árinu 1968, kr. 124 000 000.00. Um tekjur sjóðsins í framtíðinni verður ákveðið með lögum hverju sinni.

4. gr.

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði ársfjórðungslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, að undanskildum togurum. Í skýrslunni skal greina heildarverðmæti afla hvers skips, að frádregnu verðmæti sildar- og rækjuafila, svo og þess afla, sem landað er erlendis úr veiðiskipi. Þá skal í skýrslunni greina, hve mikill hundraðshluti aflaverðmætis hvers skips, þannig reiknaður, er af heildarverðmæti afla allra skipanna, reiknað á sama hátt.